



STRANDABYGGÐ
SÓL ER SKÝJA SKJOLDUR OG SÆNSANDI RÓSKILL OG ÍSA ALDURTREGI



Dalabyggð



Byggðasamlag um slökkviliðsmál

Fundargerð nr. 2, 21.01.20

Fundur var haldinn í Byggðasamlagi um slökkviliðsmál, þriðjudaginn 21.01.20. kl 10.30 og var þetta símafundur. Mættir voru; Kristján Sturluson, Dalabyggð, Tryggvi Harðarson, Reykhólahreppi, Ívar Örn Þórðarson, slökkviliðsstjóri og Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar, Kristján Sturluson, bauð menn velkomna og var því næst gengið til dagskrár:

1. **Skráning.** Formaður sagði frá því að nú væru formsatriði viðstofnun Byggðasamlagsins frágengin og komin væri kennitala. Frá áramótum væri Byggðasamlagið því formlega og bókhaldslega skýrt. Eftir er þó að skipa varamenn, og skulu sveitarstjórnirnar gera það sem fyrst. Lögð var áhersla á að boða ávallt varamenn líka á fundi.
2. **Bakvakt stjórnenda, varðstjóra og vaktaáætlun.** Slökkviliðsstjóri sagði frá að gengið hefði verið frá ráðningu Varðstjóra á Hólmavík. Þar með hafa öll sveitarfélögin fengið nýja varðstjóra. Slökkviliðsstjóri fær nú það hlutverk að setja saman vaktaáætlun, námskeiðaáætlun og æfingaáætlun fyrir öll sveitarfélögin og Byggðasamlagið.
3. **Fjárhagsáætlun Byggðasamlagsins.** Slökkviliðsstjóri kallaði eftir fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna og þeim áherslum sem þar væri gangvart slökkviliðunum. Rætt var um gjaldskrár sem ekki eru til nema hjá Dalabyggð. Fram kom að slökkviliðsstjóri hefur unnið að gerð gjaldskrár og verður sá grunnur nú nýttur eins og hægt er og þurfa þykir, við samræmingu og gerð gjaldskráa sveitarfélaganna. Skal vinna eins gjaldskrá fyrir Byggðasamlagið og eina fyrir hvert sveitarfélag. Slökkviliðsstjóra er falið að vinna að þessu í samráði við sveitarstjóra og varðstjóra sveitarfélaganna og leggja fyrir á febrúarfundi.
4. **Starfsáætlun.** Slökkviliðsstjóri sagði frá námskeiðum sem væri í undirbúningi. Rætt var um hvort Byggðasamlagið ætti að opna fyrir aðkomu annara sveitarfélaga að námskeiðinum og auka þannig tekjur sínar. Slökkviliðsstjóra er falið að leggja fram í einu skjali slíka starfsáætlun á næsta fundi stjórnar í byrjun febrúar. Gert er ráð fyrir að þessar áætlanir allar sem og ráðning varðstjóra taki gildi 1. febrúar n.k.
5. **Brunavarnaráætlun.** Þessa áætlun vantar í öll sveitarfélögin og er það hlutverk slökkviliðsstjóra að vinna að nýrri og samhæfðri áætlun. Skal stefnt að því að klára nýja Brunavarnaráætlun eins fljótt og hægt er.
6. **Önnur mál.**
 - a. Slökkviliðsstjóri óskaði eftir leyfi stjórnar til að taka bíl á rekstrarleigu vegna starfa sinna. Hér er um að ræða breytingu á framlagi

Hólmavík 23.01.20 / Þorgeir Pálsson



STRANDABYGGÐ
SÓL ER SKÝJA SKJOLDUR OG SKÍNNAÐA RÓSKILL OG ÍSA ALDURTREGI



Dalabyggð



- b. sveitarfélagana en þörfin engu að síður til staðar. Fram kom að aksturskostnað má gjarnan innheimta af umbjóðendum slökkviliðsins, þegar um er að ræða akstur í þágu verkefna eða þjónustu. Var slökkviliðsstjóra falið að afla upplýsinga um valkosti og kostnað við slíkt fyrirkomulag og leggja fyrir næsta fund stjórnar
- c. Slökkviliðsstjóri sagði frá að kaup á gasnemum væru í ferli, vegna gasleka í íþróttamiðstöðinni á Hólmavík
- d. Þorgeir sagði frá stöðu mála varðandi nýjan slökkvibíl sveitarfélagsins, en fyrirtækið sem byggði bílinn er gjaldþrota og því enga frekari þjónustu að sækja þangað, þó vanefndir og/eða breytingar á kaupsamningi lægju fyrir
- e. Rætt var um mikilvægi þess að hrista hópana saman og koma á markvissri innri kynningu þegar starfsáætlun lægi fyrir. Á Hólmavík þarf að gera átak í að fjölga í slökkviliðinu.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl 11.55.

Kristján Sturluson
Tryggvi Harðarson
Þorgeir Pálsson
Ívar Örn Þórðarson